

## **Fundur var haldinn í Félagi austfirskra kvenna í Reykjavík, í safnaðarheimili Grensáskirkju 5. febrúar 2024 kl. 20:00.**

### **Að meðtaldri stjórn mættu 42 á fundinn, félagskonur og gestir.**

Oddný Vala Kjartansdóttir formaður, setti fund og bauð fundarkonur velkomnar til fyrsta fundar ársins 2024. Nú væri kominn tími til að koma félagsstarfinu aftur af stað eftir gott hlé yfir hátíðirnar og í janúar.

Kaffihlaðborðið var að þessu sinni í umsjón kvenna frá Djúpavogi og var hið glæsilegasta. Stjórnin kann þeim bestu þakkir fyrir aðstoðina og þeirra framlag til fundarins. Formaður sagði félagið kosta eina stóra tertu á hvert hlaðborð til að mæta kostnaði við kaffihlaðborðið, nú þegar vel er mætt á hvern fund.

Jónína Dagmar Ásgeirsdóttir frá Djúpavogi hélt erindi um formæður sínar. Erindið gaf góða innsýn inn í líf fólks á 19. og 20. öld og þá baráttu sem fólk á þeim tíma háði. Í erindi hennar fólst einnig kveðskapur formæðra hennar, sem var mjög lýsandi um aðstæður og tilfinningar.

Formaður þakkaði Jónínu Dagmar kærlega fyrir hennar fróðlega innlegg og bauð fundarkonum að ganga til veisluborðsins. Gefinn var góður tími til að njóta veitinganna og spjalla saman enda hugur í mannskapnum á nýju ári.

Formaður kallaði Jóhönnu Þóroddsdóttur félagskonu, sem varð 90 ára 11. janúar sl., til sín og afhenti henni í nafni félagsins rós, heklaðan englavæng og hlýjar kveðjur og þakkir fyrir hennar framlag til félagsins. Salurinn gaf Jóhönnu þétt lófaklapp af þessu tilefni.

Systurnar Oddný Vala og Halla leiddu salinn í söng í tilefni þorrans. Fundarkonur kræktu saman höndum og tóku hraustlega undir í Þorraprælum. Halla dreif alla með sér í skemmtilegan leik sem innihélt bæði söng og hreyfingu og var mikið hlegið enda fyndið að horfa yfir salinn og sjá ríflega 40 konur „pilla rækjur“ og kyrja um súran hval eins og þær hefðu aldrei gert annað.

Þær systur tóku svo fram brandaraspilastokk móður þeirra, Jónu Hallgrímsdóttur, sem ku alltaf vera með hann í töskunni ef samskipti verða eitthvað dauflæg að hennar mati. Leitað var til fundarkvenna með að draga spil/brandara. Hver sú sem dró spil gaf upp skírnarnafn sitt og tengslin við Austurland og fundarkonur urðu þannig margs vísari um þátttakendurna í fundinum. Hvert spil innihélt einn brandara, sem þær systur lásu svo upp fyrir salinn. Spilin leyndu vel á sér og hafa hlátrasköllin frá fundinum örugglega heyrst um allt Hvassaleitið.

Formaður minnti á að framundan væri aðalfundur félagsins, fyrsta mánudag í mars. Aðgangseyrir að aðalfundinum verður hærri þar sem þá verður matur á boðstólum og verður fyrirkomulagið á því kynnt í aðalfundarboði. Á aðalfundi verða einnig teknar ákvarðanir um úthlutun styrkja og reikningar félagsins kynntir. Óskaði formaður eftir tillögum að styrkþegum og nefndi sem dæmi ýmis samtök sem Austfirðingar þurfa þjónustu frá, tækjakaup á heilbrigðisstofnanir fyrir austan eða annað slíkt.

Að lokum þakkaði formaður fyrir góðan fund og hvatti viðstadda til að halda áfram að spjalla og nýta stundina þó formlegri dagskrá væri lokið.

Fleira gerðist ekki og fundi slitið.  
Halla Kjartansdóttir, fundarritari.